



Borgarráð 7. nóvember 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Better City for Children-verkefnið MSS24110044

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um fyrir hvað nákvæmlega þjónustu- og nýsköpunarsvið fékk fyrstu verðlaun í “Seoul Smart City Prize” fyrir árið 2024? Einnig er óskað upplýsinga um hversu mikið af því sem verðlaunað var fyrir er nú þegar komið í fulla notkun fyrir börn og unglinga í skólakerfum borgarinnar?

Greinargerð:

Flokkur fólksins óskar þjónustu og nýsköpunarsviði til hamingju með þessi verðlaun. Það skal þó segjast að það er sérkennilegt að verið sé að verðlauna Reykjavíkurborg fyrir lausnir sem enginn kannast við að séu yfirleitt í notkun í skólakerfum Reykjavíkurborgar enn sem komið er.

